

Samtök
ferðapjónustunnar
Ársreikningur 2022



Samtök ferðapjónustunnar
Borgartúni 35
105 Reykjavík

kt. 550269-6359

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Samtaka ferðapjónustunnar fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Samtök ferðapjónustunnar er málsvari íslenskrar ferðapjónustu. Megin hlutverk SAF er að gæta sameiginlegra hagsmuna félagsmanna sinna, vinna að því að fyrirtækin búi við starfskilyrði sem gera þau samkeppnishæf á alþjóðamarkaði og stuðla að því að ferðapjónusta á Íslandi byggji á virðingu fyrir landi og þjóð. Þá vilja samtökin stuðla að heilbrigðri samkeppni í íslensku atvinnulífi og að nýsköpun og fagmennska séu stöðir sem framtíðferðapjónustunnar hvíli á.

Tap á árinu 2022 nam 50,0 milljónir kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 104,7 milljónir kr. og bókfært eigið fé í árslok er 74,7 milljónir kr.

Á árinu 2022 námu laun starfsmanna 75,1 milljónum kr., auk launatengdra gjalda sem námu 20,6 milljónum kr. Stöðugildi starfsmanna í árslok eru 6.

Það er álit stjórnar samtakanna að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samtakanna, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. mars 2023

Í stjórn

Bjarnheiður Hallsdóttir
Sól Geirsdóttir
Ragnhildur Agnisdóttir
Björgvit Guðmundsdóttir
Júlíanna Líndal Júlíussón
Björn A.

Framkvæmdastjóri

Jón Þor Ólafsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Samtaka ferðapjónustunnar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka ferðapjónustunnar fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samtakanna 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samtökunum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samtakanna og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samtakanna. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samtökin órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 22. mars 2023

KPMG ehf.



Sigríður Soffía Sigurðardóttir

Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Tekjur vegna árgjalda aðildarféлага		104.443.038	95.837.152
Innheimtulaun		8.859.882	10.826.817
Aðrar tekjur		0	572.175
		<u>113.302.919</u>	<u>107.236.144</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	95.682.921	85.223.853
Verkefnakostnaður	3	16.174.891	11.281.175
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	4	10.032.766	9.136.482
Ferða- og ráðstefnukostnaður	5	9.353.970	6.332.886
Rekstur fasteigna	6	4.371.391	3.324.723
Annar rekstrarkostnaður	7	24.811.131	(10.186.016)
Afskriftir fastafjármuna	9	1.935.626	1.918.821
		<u>162.362.696</u>	<u>107.031.924</u>
Rekstrar(-tap) hagnaður		<u>(49.059.777)</u>	<u>204.220</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		(521.170)	1.273.096
Fjármagnsgjöld		(464.413)	(369.963)
	8	<u>(985.583)</u>	<u>903.133</u>
(Tap) hagnaður ársins		<u>(50.045.360)</u>	<u>1.107.353</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Borgartún 35	9	36.697.415	37.572.712
Endurmörkun og hönnun	9	868.070	1.085.089
Tölvubúnaður, innréttingar og áhöld	9	8.305.913	8.115.010
Innlendir verðbréfasjóðir		12.330.998	40.809.894
Fastafjármunir samtals		<u>58.202.396</u>	<u>87.582.705</u>
Viðskiptakröfur	10	8.635.218	28.800.679
Verkefnasjóður SAF	11	2.587.250	2.495.142
Handbært fé		35.249.100	37.508.091
Veltufjármunir samtals		<u>46.471.568</u>	<u>68.803.912</u>
Eignir samtals		<u>104.673.964</u>	<u>156.386.617</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	12	74.703.462	124.748.822
		<u>74.703.462</u>	<u>124.748.822</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir	13	29.970.502	31.637.795
		<u>29.970.502</u>	<u>31.637.795</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>104.673.965</u>	<u>156.386.617</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	(50.045.360)	1.107.353
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	1.935.626	1.918.821
Reiknaðir vextir og gengismunur á verðbréfaeign		1.748.938	(940.101)
Veltufé (til) frá rekstri		<u>(46.360.796)</u>	<u>2.086.073</u>
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun		20.165.461	4.633.230
Skammtímaskuldir, lækkun	(1.667.293)	(17.510.572)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		<u>18.498.168</u>	<u>(12.877.342)</u>
Handbært fé til rekstrar	(27.862.628)	(10.791.269)
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstarfjármunum	9	(1.034.213)	(5.713.263)
Sala verðbréfa		26.637.850	0
Fjárfestingahreyfingar		<u>25.603.637</u>	<u>(5.713.263)</u>
Lækkun á handbæru fé	(2.258.991)	(16.504.532)
Handbært fé í ársbyrjun		37.508.091	54.012.623
Handbært fé í lok ársins		<u>35.249.100</u>	<u>37.508.091</u>

Skýringar

1. Starfsemi og reikningsskilaaðferðir

- a. Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) er málsvari íslenskrar ferðaþjónustu. Megin hlutverk SAF er að gæta sameiginlegra hagsmuna félagsmanna sinna, vinna að því að fyrirtækin búi við starfskilyrði sem gera þau samkeppnishæf á alþjóðamarkaði og stuðla að því að ferðaþjónusta á Íslandi byggji á virðingu fyrir landi og þjóð. Þá vilja samtökin stuðla að heilbrigðri samkeppni í íslensku atvinnulífi og að nýsköpun og fagmennska séu stöðir sem framtíðferðaþjónustunnar hvíli á.

Ársreikningur Samtaka ferðaþjónustunnar fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

b. Innlaun tekna

Árgjöld aðildarfélaganna eru færð til tekna í rekstrarreikningi samkvæmt félagaskrá eftir að tillit hefur verið tekið til úrsagna og leiðréttinga. Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

c. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Áfallinn gengismunur eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign	50 ár
Endurmörkun og hönnun	5 ár
Áhöld og aðrar eignir	5 ár

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

e. Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

f. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

g. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

Skýringar, frh.:

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:	2022	2021
Laun	75.131.614	68.917.706
Bifreiðastyrkir	1.503.000	1.460.000
Lífeyrissjóður hluti atv.rek.	10.074.861	9.014.944
Orlofsskuldbinding, breyting	861.188	(616.037)
Tryggingagjald	5.567.638	4.907.861
Sjóðagjöld	558.184	458.666
Hlutdeild í launakostnaði SVP	0	846.072
Annar starfsmannakostnaður	1.986.436	234.641
	<u>95.682.921</u>	<u>85.223.853</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	5,4	5,4

3. Verkefnakostnaður

Verkefnakostnaður sundurliðast þannig:		
Ferðapjónustudagurinn	5.254.190	5.288.985
Norræn nemakeppni	1.221.563	0
Nýsköpunarverkefni	461.422	764.565
Dagur menntunar	332.721	258.185
Sérfræðiaðstoð og kannanir	5.609.806	2.745.630
Ýmsir viðburðir	1.405.682	1.166.406
Kynningar- og útgáfumál	1.889.507	1.057.404
	<u>16.174.891</u>	<u>11.281.175</u>

4.

Skrifstofu- og stjórnarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnarkostnaður sundurliðast þannig:		
Ritföng, prentun o.fl.	102.269	41.126
Sími og netþjónusta	881.421	833.688
Burðargjöld	1.826	0
Rekstur tölvukerfis	5.834.966	4.917.539
Heimasíða SAF	1.013.871	575.545
Auglýsingar og áskriftir	1.273.240	1.808.035
Aðalfundur	925.173	960.549
	<u>10.032.766</u>	<u>9.136.482</u>

Skýringar, frh.:

5. Ferða- og ráðstefnukostnaður

Ferða- og ráðstefnukostnaður sundurliðast þannig:	2022	2021
Ferða og ráðstefnukostnaður innanlands	3.702.566	1.751.520
Ferðir og ráðstefnur erlendis	4.246.553	2.627.799
Fundir- og námskeið	530.577	1.064.125
Aðkeyptur akstur & bílastæði	874.274	889.442
	<u>9.353.970</u>	<u>6.332.886</u>

6. Rekstur fasteigna

Rekstur fasteigna sundurliðast þannig:		
Hússjóður Borgartún 35	2.545.063	1.649.050
Rekstur fasteignar	1.074.082	827.149
Viðhald og hreingerning	546.748	655.930
Vátryggingar	205.498	192.594
	<u>4.371.391</u>	<u>3.324.723</u>

7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
Kaffi, veitingar og risna	1.362.709	1.171.586
Safe travel	2.500.000	50.000
Gjafir og styrkir	211.970	150.000
Breyting á niðurfærsla krafna	8.422.204	(21.944.216)
Bókhald og ársuppgjör	7.178.112	5.921.800
Móttökugjald	1.824.000	1.805.000
Launavinnsla	196.788	213.129
Endurskoðun	1.189.337	871.648
Árgjöld	52.500	82.500
Þjónustugjöld	11.269	57.983
Gjaldfærð tæki og áhöld	355.381	136.288
Viðhald áhaldna og tækja	83.576	0
Rekstrarleiga bifreiða	1.410.265	1.287.076
Annar rekstrarkostnaður bifreiða	13.020	11.190
	<u>24.811.131</u>	<u>(10.186.016)</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	995.167	537.787
Gangviriðisbreytingar af verðbréfaeign	(1.705.086)	949.008
Fjármagnstekjuskattur	188.748	(213.699)
	<u>(521.170)</u>	<u>1.273.096</u>
 Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld, innheimtu- og bankakostnaður	(464.413)	(369.963)

Skýringar, frh.:

9. Fastafjármunir

Fastafjármunir greinast þannig:

	Borgartún 35	Endurmörkun og hönnun	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	44.273.794	4.314.089	12.772.464	61.360.347
Keypt á árinu	0	0	1.034.213	1.034.213
Heildarverð í árslok	44.273.794	4.314.089	13.806.677	62.394.560
Afskrifað í ársbyrjun	6.701.082	3.229.003	4.657.454	14.587.539
Afskrifað á árinu	875.298	217.017	843.311	1.935.626
Afskrifað í árslok	7.576.380	3.446.020	5.500.765	16.523.165
Bókfært verð í ársbyrjun	37.572.712	1.085.086	8.115.010	46.772.808
Bókfært verð í árslok	36.697.414	868.069	8.305.912	45.871.395
Afskriftarhlutföll	2%	20%	2-20%	

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fastanúmer	m ²	Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Borgartún 35	235-3947	123,3	63.000.000	138.950.000

10. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	2022	2021
Innlendar viðskiptakröfur	27.024.061	38.829.221
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(18.388.843)	(10.028.542)
	8.635.218	28.800.679

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	10.028.542	34.579.016
Breyting afskriftasjóðs á árinu	8.422.204	(21.944.216)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	(61.903)	(2.606.258)
Staða í árslok	18.388.843	10.028.542

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Skýringar, frh.:

11. Verkefnasjóður SAF

	2022	2021
Staða í ársbyrjun	2.495.142	2.476.433
Ávöxtun ársins	92.108	18.709
Verkefnasjóður	<u>2.587.250</u>	<u>2.495.142</u>

Árlega skal upphæð sem samsvarar 23% af heildarálagningu félagsgjalda renna í Verkefnasjóð SAF. Heimilt er að ráðstafa fé í sjóðnum til sérstakra átaksverkefna skv. ákvörðun stjórnar, s.s. samstarfsverkefna með opinberum aðilum, félagasamtökum eða einkaaðilum, til kynningarverkefna eða annarra verkefna sem stjórn metur mikilvæg fyrir framgang hagsmuna félagsmanna. Heimilt er með ákvörðun stjórnar að leggja uppsafnað fé í Verkefnasjóði umfram kr. 60.000.000 til almenns reksturs samtakanna við lok árs.

Í ljósi aðstæðna ákvað stjórn að öll innheimt félagsgjöld ársins 2022 skyldu lögð til reksturs samtakanna.

12. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig:	2022	2021
Óráðstafað eigið fé	124.748.822	123.641.469
Afkoma ársins	(50.045.360)	1.107.353
	<u>74.703.462</u>	<u>124.748.822</u>

13. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir greinast þannig:

Lánadrottinnar	5.722.533	11.500.871
Ógreiddur áfallinn fjármagnstekjuskattur	842.028	2.859.238
Orlofsskuldbinding	4.229.559	3.368.371
Ógreiddur kostnaður	9.361.703	3.241.163
Samtök atvinnulífsins *	9.814.679	10.668.152
	<u>29.970.502</u>	<u>31.637.795</u>

* SAF eru ein af aðildarsamtökum Samtaka atvinnulífsins.